

Alþingi
Erindi nr. P 136/969
komudagur 27.2.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. febrúar 2009

0902082SA/GB

Málalykill: 360

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um íslenska málstefnu, 198. mál

Enginn vafi leikur á því að mjög hefur verið vandað til tillagna Íslenskrar málnefndar. Þar sem þeim er ætlað að vera grundvöllur að opinberri stefnu í málum íslenskrar tungu og geta þannig meðal annars haft veruleg áhrif á gerð lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta verkefni sveitarfélaga telur Samband íslenskra sveitarfélaga þó rétt að vekja athygli Alþingis á því að sveitarfélögin hafa enga aðkomu átt að gerð tillagnanna. Þetta kemur glögglega fram í formála þeirra. Tillögurnar voru ekki heldur sendar sveitarfélögunum til umsagnar áður en þingsályktunartillaga var lögð fram á Alþingi og einnig hefur undirritaður vakið athygli menntamálanefndar á því að vegna mistaka var þingsályktunartillagan hvorki send Sambandi íslenskra sveitarfélaga eða einstökum sveitarfélögum til umsagnar. Framangreint verklag er ekki til þess fallið að mynda sátt um tillögurnar.

Þær tillögur íslenskrar málefndar sem einkum snerta sveitarfélögin varða aðgerðir á leik- og grunnskólastigi auk tillagna sem varða kennara og aðra starfsmenn á þessum skólastigum. Sambandið getur tekið undir margar ábendingar sem fram koma í tillögunum varðandi móðurmálskennslu. Ljóst er að tækifæri er til að bæta móðurmálskennslu bæði við endurskoðun aðalnámskráa fyrir leik- og grunnskóla og við breytingar á skipulagi kennaranáms. Sérstaka athygli vekur hve hlutfall móðurmálskennslu í grunnskólum á Íslandi er lágt í samanburði við nágrannalönd. Sambandið tekur einnig undir tillögu um að þáttur sköpunar og tjáningar á íslensku verði eflur á öllum skólastigum.


Sambandið telur þó ástæðu til að vekja athygli á því að á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á það í kennaranámi að allir kennarar séu móðurmálskennarar. Tillögur íslenskrar málnefndar virðast því fela í sér stefnubreytingu hvað varðar áherslur í kennaranámi án þess að þær hugmyndir hafi verið ræddar við alla hagsmunaaðila. Einnig er lagt til að engir aðrir kenni móðurmál í grunnskóla en þeir sem lokið hafa háskólaprófi í íslensku, þ.m.t. af íslenskukjörsviði í kennaranámi. Sambandið bendir því á að sveitarfélög standa misjafnlega að vígi varðandi framboð kennara með sérmenntun. Tillagan er því að öllum líkindum óraunhæf. Sambandið tekur hins vegar heilshugar undir tillögu um að menntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara taki mið af breyttu hlutverki íslenskukennara í skólakerfinu. Kennarar sinna nú fjölbreyttari nemendahópum í starfi sínu en áður, meðal annars ört vaxandi fjölda barna og unglinga af erlendum uppruna.



Í tillögum Íslenskrar málnefndar er einnig lagt til að allt notendaviðmót í tölvum í leik- og grunnskólum verði á íslensku innan þriggja ára. Engar upplýsingar koma fram í tillögunum um áætlaðan kostnað vegna þessa. Sveitarfélögin standa frammi fyrir því að þurfa að hagræða og forgangsraða verkefnum á sviði skólamála á næstu misserum. Þau eru því fæst tilbúin að leggja út í viðbótarkostnað vegna tölvumála á næstunni.

Varðandi tillögu um að í reglugerð um leikskóla verði kveðið á um að kennsla og umönnun barna í leikskólum skuli að mestu fara fram á íslensku skal bent á að eðlilegra er að kveðið verði á um þetta í aðalnámskrá fyrir leikskóla. Ástæða er til að gera athugasemd við tillögu um að setja viðmið um hlutfall erlendra starfsmanna á hverri deild á leikskólum og kunnáttu þeirra í íslensku. Ekkert hefur verið rætt um það á vettvangi sambandsins að þörf sé á slíkum reglum. Á undanförunum árum hefur starfsmönnum sem hafa annað móðurmál en íslensku vissulega fjölgað mjög á leikskólum og hefur þetta starfsfólk almennt reynst vel.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs